



TÓNLISTARSAFN
ÍSLANDS

Hábraut 2
200 Kópavogur

Ársskýrsla 2014
6. starfsár



Starfsemi 2014

Tónlistarsafnið var opnað 9. maí 2009 og hefur síðan haft reglulega opnunartíma virka daga frá kl. 10:00-16:00. Einnig hefur safnið haft opið um helgar fyrsta sýningarmánuð hverrar sýningar svo og á einstökum viðburðardögum eins og á Safnanótt og Kópavogsdögum.

„Dans á eftir“ – 6. sýning Tónlistarsafns

Sýningin „Dans á eftir“ var opnuð 7. júní 2013. Þar er dregin upp mynd af dansmenningu þjóðarinnar í gegnum aldirnar. Áherslan er á húsnæði, fatnað, hljóðfæri, danstegundir, dansskóla og annað sem varpar ljósi á umgjörð dansins. Einar Jón Kjartansson hannaði ramma sýningarinnar en hann var á þeim tíma að ljúka námi í grafískri hönnun frá Listaháskóla Íslands. Uppsetning sýningarinnar var liður í lokaverkefni hans. Sýning stóð uppi allt árið og voru ýmsir viðburðir í safninu tengdir sýningunni.

Safnanótt 2014

Tónlistarsafn var opið til kl. 23:00 á Safnanótt 2014. Um kvöldið léku Reynir Sigurðsson og félagar tónlist í anda stríðsáranna frá klukkan 20-22. Í lok safnadags, um miðnætti komu starfsmenn safnanna á torginu í Tónlistarsafn og ræddu árangur dagsins auk þess að þiggja veitingar. Tónlistarsafn tók þátt í sameiginlegum kynninum Safnanætur með öðrum söfnum á höfuðborgarsvæðinu.

Starfsmannamál

Tónlistarsafn hefur til ráðstöfunar fasta stöður forstöðumanns auk sérfræðings. Á árinu var auk þeirra starfsmaður skv. samningi til tveggja ára við Almannatryggingar, frá 1. september 2013. Vann

hann að metnaðarfullri skráningu m.a. á geisladiskasafni Tónlistarsafns auk þess að fara yfir og leiðrétta eldri skráningar.

Aðföng

Árið 2014 eru 35 gjafir færðar í aðfangaskrá Tónlistarsafns; allt frá bréfasöfnum, handritum og ljósmyndum upp í orgelharmoníum. Má þar helst nefna um 250 GB stafrænt ljósmyndasafn Guðmundar Albertssonar sem á um 10 ára tímabili ljósmyndaði alla helstu jasstónleika í Reykjavík, 13 kassar af blönduðum gögnum um íslenska tónlistarsögu frá Íslenskri Tónverkamiðstöð, afrit af ljósmyndasafni og viðtölum við íbúa Hrunamannahrepps frá árinu 1964, ýmis gögn er varða starfsemi Félags íslenskra hljómlistarmanna, gögn úr dánarbúi Guðmundar Elíasdóttur söngkonu, prentaðar nótur, handrit og myndbönd frá Jónasi Ingimundarsyni píanóleikara, fallett eintak af Yamaha rafmagnsorgeli, píanó sem áður var í eigu Róberts A. Ottóssonar auk ýmissa gagna eins og nótur, tónleikaprógröm, myndir o.fl.

Geymslur

Tónlistarsafn hefur afnot af geymslurými í Safnaðarheimili Kópavogskirkju sem staðsett er við hlið safnsins. Markvisst hefur verið unnið við að frumskrá gögn sem til safnsins berast og ganga frá þeim til síðari frekari skráningar. Hér á það einnig við um Tónlistarsafn sem og önnur söfn að ítarskráningu er ábótavant.

Ungmennafræðsla

Tónlistarsafn hefur markvisst hvatt skóla á öllum skólastigum til að heimsækja safnið. Nemendur fá leiðsögn um þá sýningu sem stendur og kynningu á starfsemi safnsins sniðna að aldri barnanna. Þá hefur Tónlistarsafn unnið náið með Pamelu De Sensi flautuleikara. Fjöldi verkefni á hennar vegum eins og Töfrahurð, Töfrahorn og Ormadagar hafi farið fram í safninu. Atvinnufólk í tónlist veitir þar mörg hundruð leik- og grunnskólabörnum upplifun og innsýn í listir og menningu í gegn um leiklist, sögur og tónlist auk þess sem boðin eru námskeið í tónföndri og hljóðfærasmíði. Pamela var með sýninguna „Dans Dans Dans“ fyrir leik- og grunnskólabörn. Þá mætti Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona á dansskónum og kynnti í tónum og töktum danstónlist frá öllum tímum. Þessi dagskrá var tengd sýningu Tónlistarsafnsins um danstónlist á Íslandi. Steingrímur Þórhallsson lék undir á píanó. Sýnt var í 12 skipti á fjórum dögum og sóttu sýninguna 678 börn.

RIFF hátíðin.

Tónlistarsafn Íslands tók þátt í RIFF hátíðinni sem haldin var í september. Kl. 16 til 18 Tónlistarsafn Kópavogs. Forstöðumaður kynnti starfsemi safnsins að skráningu tónlistararfs Íslendinga í Ísmús gagnagrunninn. Þá sýndi safnið stutta samantekt úr fjölda viðtala sem forstöðumaður hefur tekið á ferðum sínum um landið. Einnig var kynnt útskriftarverkefni Eins Jóns Kjartanssonar í grafískri hönnun frá Listaháskóla Íslands en það snýr að rafrænni varðveislu sýninga.

Vefir

Tónlistarsafn heldur úti þremur vefjum á Netinu:

- www.tonlistarsafn.is – vefsíða Tónlistarsafns Íslands
- www.musik.is – safnvefur um íslenskt tónlistarlífi á Netinu
- www.ismus.is – gagnagrunnum um íslenska menningu.


Síðast taldi vefurinn geymir margvísleg verkefni sem Tónlistarsafn hefur yfirtekið. Nefna má:

- Kirkjuverkefni þar sem leitast er við að birta upplýsingar um allar íslenskar kirkjur, presta þeirra og organista frá upphafi auk sögu orgela og organista við hverja kirkju;
- Vísir að tónlistarmannatali;
- Myndir af íslenskum tónlistarhandritum sem varðveitt eru í öðrum söfnum;

- Íslensk þjóðlög, bók sr. Bjarna Þorsteinsson prests og tónlistarmanns á Siglufirði;
- Þjóðfræðahljóðritasafn Árnastofnunar.
- Minningar frá 20. öld.

Á myndinni á næstu síðumá sjá aðsókn í Ísmús gagnagrunninn á árinu 2014..

Verkefnið „Minningar frá 20. öld“ hófst í október 2013 og var því haldið fram allt árið 2014. Það snýr að því að fylgja eftir viðtölum Stofnunar Árna Magnússonar og Ríkisútvarpsins frá 7. og 8. áratugnum og ræða nú við nýja kynslóð af fólki, fætt á áratugunum í kringum 1930. Með viðtölunum er leitast við að draga upp mynd af menningarlífi fólksins í landinu sem steig úr fortíðinni inn í nútímann á stuttum tíma. Spurt er um samgöngur, aðdrætti, mat, skólagöngu, leiklist, félagastarfsemi, kóra, hljóðfæraleikara, dansleiki og margt fleira er tengist daglegu lífi fólks á fyrri hluta 20. aldar. Forstöðumaður hefur sjálfur séð um að fjármagna verkefnið þar sem ekki er gert ráð fyrir slíkum útgjöldum í rekstri safnsins.



Skráning

Tónlistarsafn hefur notað gagnagrunninn Bento frá fyrirtækinu FileMaker. Því miður hefur fyrirtækið nú hætt þróun forritsins sem er auðvelt í uppsetningu og notkun. Unnið hefur verið að breytingum á Ísmús þannig að öll skráning mun fara þar fram í framtíðinni. Eldri skráning í Bento hefur verið lesin yfir í Ísmús en ekki hefur fengist forritunarfrjármagn til að birta þá skráningu.

Hljóðritanir / videoupptökur

Tónlistarsafn hefur stundað það að taka upp á video ýmsa tónlistarviðburði eins og fyrirlestra, tónleika auk viðburða í sjálfu safninu. Eftirvinnsla á slíkum upptökum er tímafrek og ekki hefur unnist tími til að birta það allt. Þá hefur safnið unnið að yfirfærslu á ýmsum hljóðritunum og upptökum af gömlum segulböndum og plötum sem ófáanlegar eru og hafi þær gildi fyrir íslenska tónlistarsögu. Í samstarfi við Landsbókasafn Íslands og Ríkisútvarpið hafa um 300 íslenskar 78 snúninga plötur verið yfirfærðar í stafrænt form af safninu og munu þær birtast í Ísmús í tenglum við skráningu á þeim listamönnum sem þar koma fram.

Viðhorf til Tónlistarsafns Íslands

Almennt er viðhorf til starfsemi Tónlistarsafns jákvætt og er vaxandi áhugi á starfsemi safnsins. Birtist þessi áhugi m.a. í áhuga fólks á að færa safninu persónulegum munum til varðveislu,

fyrirspurnum er berast safninu, heimsóknum hópa sem jafnvel vilja koma utan opnunartíma og fá sérstakan fyrirlestur um starfsemi safnsins auk jákvæðra athugasemda í tölvu- og símasamskiptum við almenning. Aukning hefur verið á samstarfi við hinn íslenska háskólaheim og ýmis félagasamtök. Birtist það m.a. í að óskað er eftir fyrirlestrum frá starfsmönnum safnsins um ýmis mál er tengjast íslenskri tónlistarsögu, auk kynninga á safninu. Mikil aukning hefur verið á heimsóknum hópa í safnið sem þiggja fyrirlestra um safnið.

Aðsókn

Lítill aukning hefur verið á aðsókn í Tónlistarsafn Íslands milli ára, 1815 gestir á árinu 2013 á móti 1632 á árinu 2014. Mikil og jákvæð umræða hefur farið fram á samfélagsmiðlum og víðar um starfsemi safnsins og hafa starfsmenn þess einkum orðið þess varir í aukinni kynningu og fyrirlestrum í safninu.

	2014
Jan	23
Feb	520
Mar	64
Apr	96
Maí	520
Júní	43
Júlí	32
Ágú	123
Sep	82
Okt	54
Nóv	53
Des	22

?

Dags. 1.1.2014 - 31.12.2014

?

Númer	Heiti	Hreyfing	Áætlun	Mismunur
0982	Endurgreiðslur frá ríki	0 kr.	-5.000.000 kr.	-5.000.000 kr.
0990	Aðrar tekjur	-6.100.000 kr.	-1.500.000 kr.	4.600.000 kr.
0992	Aðrar endurgreiðslur	-3.140.274 kr.	0 kr.	3.140.274 kr.
1110	Mánaðarlaun	14.611.847 kr.	11.129.172 kr.	-3.482.675 kr.
1121	Yfirvinna	2.756.058 kr.	2.666.640 kr.	-89.418 kr.
1702	Bifreiðahlunnindi	95.120 kr.	0 kr.	-95.120 kr.
1801	Tryggingagjald	1.508.129 kr.	0 kr.	-1.508.129 kr.
1890	Launatengd gjöld	2.810.093 kr.	3.432.394 kr.	622.301 kr.
1906	Kaffikostnaður	213.973 kr.	50.000 kr.	-163.973 kr.
2011	Skrifstofuvörur	0 kr.	160.000 kr.	160.000 kr.
2021	Bækur og áskrift	71.023 kr.	20.000 kr.	-51.023 kr.
2032	Pappír og ritföng	14.395 kr.	200.000 kr.	185.605 kr.
2084	Smáhlutir og efni	32.941 kr.	100.000 kr.	67.059 kr.
2853	Ýmis búnaður	334.158 kr.	1.457.000 kr.	1.122.842 kr.
2990	Önnur vörukaup	740.835 kr.	82.100 kr.	-658.735 kr.
4011	Sími	49.698 kr.	120.000 kr.	70.302 kr.
4012	Netþjónusta	214.934 kr.	0 kr.	-214.934 kr.
4120	Vélaleiga/akstur aðkeypt	27.278 kr.	0 kr.	-27.278 kr.
4211	Ferðakostnaður innanlands	3.430 kr.	20.000 kr.	16.570 kr.
4321	Aðk. sérfræðingþjónusta (vsk)	692.764 kr.	0 kr.	-692.764 kr.
4342	Aðkeypt þjónusta	1.727.165 kr.	1.100.000 kr.	-627.165 kr.
4343	Hugbúnaðargerð (vsk)	376.500 kr.	0 kr.	-376.500 kr.
4375	Eftirlitsgjöld	81.339 kr.	0 kr.	-81.339 kr.
4398	Önnur þjónustukaup	56.960 kr.	70.000 kr.	13.040 kr.
4412	Reiknað afnot	9.402.156 kr.	9.402.155 kr.	-1 kr.
4911	Prentun og ljósritun	88.799 kr.	265.000 kr.	176.201 kr.
4923	Námskeiðs- og skólagjöld	140.345 kr.	70.000 kr.	-70.345 kr.
4969	Viðhald á vegum fasteignadeildar	33.445 kr.	0 kr.	-33.445 kr.
4988	Tölvukostnaður mf.	294.996 kr.	295.000 kr.	4 kr.

Hreyfing: 27.138.107 kr. Áætlun: 24.139.461 kr. Mismunur: -2.998.646 kr.

Ársreikningur 2014

Bjarki Sveinbjörnsson
Tónlistarsafn Íslands
Hábraut 2
200 Kópavogur

safnaráð

the museum
council
of iceland
Reykjavík 17. febrúar 2014
télv. 140227

vaðbergju 41
101 Reykjavík
sími: 530 2214
fax: 530 2231

www.safnarad.is
safnarad@safnarad.is

Efni: Afgreiðsla umsóknar um viðurkenningu safns.

Umsókn Tónlistarsafns Íslands um viðurkenningu í samræmi við ákvæði safnalaga, nr. 141/2011, og reglugerðar um viðurkenningu safna, nr. 900/2013, hefur verið tekin til umfjöllunar.


Mennta- og menningarmálaráðherra hefur að tillögu safnaráðs samþykkt að veita safninu viðurkenningu með því skilyrði að fyrir lok árs 2014 verði útfærðri neyðaráætlun fyrir safnkost, gesti og starfsfólk skilað til safnaráðs.

Ákvörðun ráðherra um viðurkenningu safnsins er ótímabundin, en ráðherra getur afturkallað viðurkenningu safns að fenginni tillögu safnaráðs telji ráðið að safnið uppfylli ekki lengur skilyrði viðurkenningar.

Viðurkenndum söfnum ber að starfa í samræmi við ákvæði safnalaga og skilyrði reglugerðar um viðurkenningu safna. Safnaráð hefur lögum samkvæmt eftirlit með safnastarfsemi í landinu.

Innan skamms verða safninu send tvö eintök af einkennismerki viðurkenndra safna til að setja upp í húsakynnum safnsins. Rafrænar útfærslur af merkinu má fá hjá skrifstofu safnaráðs safnarad@safnarad.is

Virðingarfyllt,


Ágústá Kristófersdóttir
framkvæmdastjóri safnaráðs

Litlar breytingar hafa orðið á rekstrarfé safnsins milli ára þó svo rekstrarniðurstaðan sýni um 3ja miljóna hærri niðurstöðu frá árinu áður. Felast þær einkum á hækkun á launalið, starfsmannakostnaði sem hækkar um 3 miljónir milli ára.

Viðurkenning Safnaráðs

Í ársbyrjun 2014 náði Tónlistarsafn Íslands þeim áfanga að hljóta viðurkenningu Safnaráðs sem færir safninu m.a. þær skyldur á herðar að starfa í „samræmi við ákvæði safnalaga og skilyrði reglugerðar um viðurkenningu safna“. Þeir fyrirvarar sem nefndir eru í skjalinu hafa nú verið uppfylltir og fékk safnið send 2 einkennismerki viðurkenndra safna sem m.a. má sjá við innganginn í Tónlistarsafn Íslands.

Stofnskráin

Hér að neðan má sjá Stofnskrá Tónlistarsafns Íslands og hefur safnið einbeitt sér að því að starfa samkvæmt henni.

Stofnskrá

Tónlistarsafn Íslands

1. gr.

Safnið heitir Tónlistarsafn Íslands og er í eigu Kópavogsbæjar. Heimili þess og varnarþing er í Kópavogi.

2. gr.

Tónlistarsafn Íslands er stofnað af Kópavogsbæ. Tekjur safnsins eru að mestum hluta úr bæjarsjóði í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar. Aðrar tekjur eru styrkir og rekstrarframlög sem gerðir eru sérstakir samningar um. Allur arður af starfseminni skal renna til safnsins sjálfs.

3. gr.

Tónlistarsafn Íslands starfar samkvæmt gildandi safnalögum og fylgir siðareglum ICOM, Alþjóðaráðs safna, International Council of Museums.

4. gr.

Verkefni Tónlistarsafns Íslands ná yfir sögu íslenskrar tónlistar í heild sinni. Það skal starfa í almannapágu. Safnið skal starfa eftir mótaðri söfnunar- og sýningarstefnu sem miðar að því að varpa ljósi á og efla þekkingu, skilning og áhuga almennings á sögu íslenskrar tónlistar. Safnmuni skal skrá eftir viðurkenndum aðferðum og varðveita og forverja eftir bestu getu.

5. gr.

Hlutverk Tónlistarsafns Íslands er:

- Að skrá, safna, varðveita og miðla, m.a. með sýningum hvers kyns verðmæti sem tengjast tónlist á Íslandi frá upphafi s.s. hljóðfæri, hljómtæki, hljódupptökur, nótur, bækur, myndir og muni.
- Að safna heimildum og gögnum um íslenska tónmenningu í formi frásagna, bréfa, viðtala, blaða- og tímaritsgreina, ævisagna og kvikmynda sem endurspegla íslenska tónlistarflóru hverju nafni sem hún nefnist.
- Að hafa frumkvæði að, og stundar rannsóknir á sögu íslenskrar tónlistar/tónminja í samstarfi við fræðimenn á þessu sviði, og skapar þeim jafnframt aðstöðu eftir því sem aðstaða leyfir. Safnið hefur frumkvæði að umsóknum um rannsóknarstyrki á sviði íslenskrar tónlistar.
- Að stuðla að miðlun sögu íslenskrar tónlistar, til að mynda í formi fyrirlestra, námskeiðshalds og skólakynninga. Lögð skal sérstök áhersla að nýta nýjustu aðferðir hverju sinni við miðlun efnisins.
- Að vera ráðgefandi á sviði tónlistar fyrir nemendur, skóla, einstaklinga og stofnanir sem til hennar kunna að leita á því sviði.
- Að leita samstarfs við aðrar stofnanir er varðveita tónminjar í þeim tilgangi að skrá þær sérstaklega og fá lánaða til sýningarhalds. Þá skal stofnunin leita samstarfs í forvörslu og varðveislu viðkvæmra muna.
- Að leitast við að vera leiðandi og ráðgefandi í vörslu hljóðritana með íslensku efni, bæði útgefnu sem og hljóðritana í eigu stofnana og einstaklinga.
- Að tryggja almennt aðgengi og upplifun með nýjustu tækni.

6. gr.

Lista- og menningarráð fer með stjórn Tónlistarsafns Íslands. Bæjarstjórn kýs í ráðið. Það vinnur að viðgangi safnsins í samstarfi við forstöðumann þess í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM). Ráðið fjallar um fjárhagsáætlanir og fylgist með starfsemi þessi.

7. gr.

Stjórnin ræður forstöðumann safnsins til 5 ára í senn og er endurráðning heimil. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 3 mánuðir. Forstöðumaður skal hafa háskólamenntun á sviði tónlistar/ tónvísinda með sérþekkingu á sögu íslenskrar tónlistar. Forstöðumaður mótar stefnu safnsins í samráði við lista- og menningarráð. Hann annast allan daglegan rekstur safnsins og ber ábyrgð á honum. Hann gerir tillögu að fjárhagsáætlun. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk að fengnu samþykkir stjórnar eða bæjarstjórnar og í samræmi við samþykktu starfs- og fjárhagsáætlun.

8. gr.

Samþykki meirihluta stjórnar þarf til þess að ákvarðanir stjórnar um fjárfestingar og meiri háttar skuldbindingar öðlist gildi. Um slík mál skal fjallað á tveimur fundum stjórnar meða a.m.k. tveggja vikna millibili, óski einn eða fleiri stjórnarmenn þess. Slíkar ákvarðanir þurfa samþykki bæjarstjórnar Kópavogs.

9. gr.

Stjórninni er heimilt að skipa starfsnefndir um skemmri eða lengri tíma og framselja hluta af ákvörðunarvaldi sínu til þeirra.

10. gr

Ef eigendur safnsins ákveða að leggja safnið niður skal Kópavogsbær skipa nefnd til að fjalla um niðurlögnin. Nefndin skal tryggja áframhaldandi varðveislu og miðlun mikilvægra heimilda og minja úr eigu safnsins í samráði við Þjóðminjasafn Íslands. Öðrum eignum skal ráðstafað í samráði við mennta – og menningarmálaráðuneytið.

Lokaorð

Tónlistarsafn Íslands starfar að söfnun heimilda, skráningu og kynningu á listgreininni tónlist á Íslandi. Mikill áhugi almennings er á safninu og starfsemi þess og má sjá það m.a. í aðsóknartölum, bæði í safnið og í gagnagrunninn Ísmús sem er helsti miðlunarvettvangur safnsins til almennings. Þrátt fyrir þennan árangur hefur lítið orðið vart við aukinn stuðning rekstraraðila safnsins, Kópavogsbæjar og Menntamálaráðuneytis að styrkja starfsemina á neinn hátt. Starfsmenn hafa þó ekki látið það hindra sig í að „keyra safnið á fullu“ á öllum sviðum þess eins og það er skilgreint í stofnskránni m.a. með virku vinnuframlagi og sjálfsaflafés úr ýmsum áttum. Er það ósk okkar að safnið verði eft til muna í starfsemi sinni m.a. með nýrri sýningu og fjölgun viðburða í safninu.

Bjarki Sveinbjörnsson
Forstöðumaður